



Dagsetning: 2. apríl 2024
Málsnúmer: 2404011/5.0

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ Breytingar á reglum um þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, er það hluti af þjónustu sveitarfélaga til eldra fólks að til staðar séu þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk. Slíkar þjónustuíbúðir eru í Fjarðabyggð n.t.t. að Mýrargötu 18, eða í Breiðabliki í Neskaupstað.

Ástæða þykir til að endurskoða þjónustuna sem þar er veitt til samræmis við metna þörf íbúa fyrir stuðning. Eins og staðan er nú eru fjórir starfsmenn heimaþjónustu með starfsstöð í Breiðabliki í samtals þremur stöðugildum. Þess utan eru starfsmennirnir að vinna um helgar, sex klukkustundir hvorn dag. Helgarvinnu skipta starfsmenn á milli sín. Sú vinna er greidd í yfirvinnu.

Meðfylgjandi eru tillögur að breytingum á núgildandi reglum Fjarðabyggðar um þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk.

Í stað þess að tilgreina starfsmannþörf í reglum um þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk er hún byggð á þjónustuþörf á hverjum tíma.

Skilgreining á þjónustustigi í þjónustuíbúðum fyrir eldra fólk í reglum Fjarðabyggðar byggir á skilgreiningum um almenna stuðningsþjónustu. Sú þjónusta er veitt til íbúa í þjónustuíbúðum líkt og til annarra íbúa sveitarfélagsins.

Þjónusta sem veitt er nú er nokkuð umfram þá skilgreindu þjónustu. Þjónustan er kostnaðarsöm og veitt í yfirvinnu, allar helgar.

Lagt er til að þjónustan verði til samræmis við skilgreiningu í reglum um þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk.

Því er lagt til að starfsmaður heimaþjónustu sé aðgengilegur á virkum dögum frá kl. 8:00-16:00 miðað við einstaklingsbundið mat á þjónustuþörf.

Áður var gert ráð fyrir viðveru starfsmanns heimaþjónustu á virkum dögum frá kl. 8:30-16:30 og um helgar frá kl. 10:00-16:00.



Aðrar breytingar eru orðlagsbreytingar, þær helstu eru að nú stendur „í gegnum íbúagátt“ í stað „í íbúagátt“ og þar sem áður stóð „félagsmálanefnd“ stendur nú „fjölskyldunefnd“.

Með ofangreindum breytingum teljum við reglurnar skýra betur þá þjónustu sem skilgreind hefur verið í þjónustuíbúðum fyrir eldra fólk og í takt við þá þjónustu sem metin er þurfa.

Virðingarfyllt
Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir
Stjórnandi félagsþjónustu

